



Húnabyggð

Húnaskóli auglýsir eftir starfsfólki fyrir skólaárið 2024-2025

Húnaskóli er nýr framsækinn skóli í mótun með 180 nemendur í 1.–10. bekk. Skólinn leitast við að koma til móts við þarfir nemenda sinna á persónulegan og einstaklingsmiðaðan hátt. Lögð er áhersla á teymiskennslu. Gott samstarf er við nærsamfélagið svo sem Íþróttafélögin og tónlistarskólann.

Kennarastöður

Staða umsjónarkennara á unglingastigi, 100% staða til eins árs frá 1. ágúst 2024 til 31. júlí 2025 vegna afleysingar. Kennslugreinar á mið- og unglingastigi: enska og samfélagsfræði.

Staða sérkennara, 100% staða frá 1. ágúst 2024. Æskilegt er að viðkomandi hafi framhaldsmenntun á sviði sérkennslu og kennslureynslu á því sviði. Mikilvægt er að viðkomandi sé tilbúinn að vinna með fjölbreyttum nemendahópi og kostur ef reynsla af kennslu á mið- og unglingastigi sé til staðar.

Staða kennara í hönnun og smíði, 65% staða (með hugsanlegum möguleika á 100% stöðu með kennslu í öðrum námsgreinum) frá 1. ágúst 2024.

Staða íþróttakennara, 100% staða frá 1. ágúst 2024. Um er að ræða kennslu bæði í íþróttum og sundi í 1.–10. bekk.

Umsækjendur verða að hafa leyfisbréf til kennslu og kennslureynslu í grunnskóla æskileg. Leitað er eftir einstaklingum sem hafa góða skipulagshæfileika og mikla

hæfni í mannlegum samskiptum. Áhersla er lögð á teymisvinnu og teymiskennslu, samþættingu námsgreina og þemabundin verkefni. Reynsla af samkennslu árganga og áhugi á þróunarstarfi eru mikilvæg.

Umsóknum þar sem fram kemur hvaða starf er verið að sækja um skal skilað ásamt kynningarbréfi og ferilskrá í tölvupósti á netfang [Þórhöllu Guðbjartsdóttur skólastjóra](mailto:thorhalla@hunaskoli.is), thorhalla@hunaskoli.is. Umsækjandi þarf að veita leyfi til upplýsingaöflunar úr sakaskrá. Nánari upplýsingar fást hjá skólastjóra í síma 892-4928. Umsóknarfrestur er til 16. apríl.

Umsækjendur mega ekki hafa hlotið refsisdóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Umsækjendur mega ekki hafa hlotið refsisdóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, á síðastliðnum fimm árum. Rétt er að vekja athygli á því að við ráðningu er heimilt að sækja upplýsingar úr sakaskrá um það hvort tiltekinn einstaklingur hafi hlotið dóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, að veittri fræðslu til hans þar að lútandi.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum Launanefndar sveitarfélaga og KÍ.



Húnabyggð

Leikskóli Húnabyggðar óskar eftir að ráða deildarstjóra

Leikskóli Húnabyggðar starfar á þremur starfstöðvum sem allar eru staðsettar á Blönduósi. Leikskólinn er 6 deilda með börn á aldrinum 12 mánaða til 5 ára, alls um 80 börn.

Um er að ræða fjórar 100% stöður deildastjóra.

Stöðurnar eru lausar frá og með 1. ágúst eða fyrr eftir samkomulagi.

Umsóknarfrestur er til og með 16. apríl 2024.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leikskólakennaranám eða annað kennaranám sem veitir leyfisbréf til kennslu
- Starfsmaður geti sýnt frumkvæði, sjálfstæði og hafi faglegan metnað fyrir starfi sínu
- Mikilvægt er að viðkomandi eigi auðvelt með mannleg samskipti
- Lögð er áhersla á gagnkvæma virðingu, háttvísi, stundvísi og áreiðanleika í starfi
- Góð íslenskukunnátta skilyrði
- Hreint sakavottorð skv. lögum um leikskóla

Helstu verkefni og ábyrgð

- Að vinna að uppeldi og menntun leikskólabarna samkvæmt starfslýsingu deildarstjóra
- Að bera ábyrgð á uppeldis- og menntunarstarfinu sem fram fer á deildinni
- Stjórnun, skipulagning og mat á starfi deildarinnar
- Að bera ábyrgð á að unnið sé eftir skólanámskrá
- Að bera ábyrgð á foreldrasamvinnu
- Tilbúinn að taka þátt í öflugri starfsþróun og mótun leikskólans

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við hlutaðeigandi stéttarfélag.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um. Umsóknum skal fylgja ítarleg starfsferilskrá. Aðstoð veitt við leit að húsnæði ef þess er óskað.

Sótt er um starfið á heimasíðu Leikskóla Húnabyggðar
<https://barnabaer.leikskolinn.is/Upplýsingar/Starfsumsokn>

Allar nánari upplýsingar gefa Sigríður B. Aadnegard leikskólastjóri og Kristín Birgisdóttir aðstoðarleikskólastjóri í síma 455-4740 eða með tölvupósti barnabaer@hunabyggd.is